

SKÝRSLA
JAFNRÉTTISNEFNDAR
NESKAUPSTAÐAR

1976 - 1980

INNGANGUR:

Jafnréttisnefnd var stofnuð í Neskaupstað i mars árið 1976. Var hér um að ræða þáttöku bæjarfélagsins í jafnréttisáratugi Sameinuðu þjóðanna gegn kúgun kvenna og fyrir jöfnum rétti peirra á við karla.

Slíkar nefndir hafa nú verið stofnaðar í á priðja tug sveitarfélaga úti um landið og er hlutverk þeirra m.a. að kynna mismunandi stöðu kynjanna í þjóðfélaginu og vera bakhjarl og samstarfsaðili Jafnréttisráðs Íslands í baráttunni fyrir breytingum á þessu sviði.

Akveðið hefur verið að Jafnréttisnefnd Neskaupstaðar sameinist félagsmálaráði bæjarins að jafnréttisáratugnum liðnum og verði þá eitt af verkefnum þess að vinna að jafnréttismálum kynjanna.

Þar sem þetta starfstímabil nefndarinnar er nú hálfnað, er ekki úr vegi að líta yfir farinn veg og gera nokkra grein fyrir þeim verkefnum sem nefndin hefur sinnt til þessa.

STARFSEMI JAFNRÉTTISNEFDAR NESKAUPSTAÐAR 1976 - 1980:

Haldnir hafa verið 19 fundir í nefndinni. Fundirnir hafa yfirleitt verið haldnir á laugardagsmorgnum í 6.kennslustofu Gagnfræðaskólags.

Fulltrúar í nefndinni á fyrra kjörtímabili voru:

Gerður G.Óskarsdóttir formaður
Jóhannes Stefánsson
Randiður Vigfúsdóttir ritari
Smári Geirsson
Stella Steinþórsdóttir

Varamenn voru:

Sigrún Þormóðsdóttir
Arni Þormóðsson
Stefanía Sefánsdóttir
Hlin Aðalsteinsdóttir
Anna Björnsdóttir

Frá því sumarið 1978 hafa eftirtaldir skipað nefndina:

Gerður G.Óskarsdóttir formaður
Ina Gisladóttir ritari
Arni Þormóðsson
Stella Steinþórsdóttir
Anna Björnsdóttir

Varamenn eru:

Guðmundur Sigurjónsson
Elisabet Karlsdóttir

Viðamesta verkefni nefndarinnar var skoðanakönnun sem gerð var í bænum í maí 1976 og kynning á henni. Einnig hefur nefndin sinnt verkalyðsmálum, uppeldismálum og menningar-málum, auk þess sem hún hefur sent frá sér bréf og álitsgerðir.

1. Skoðanakönnun.

Fyrsta skrefið í átt til endurbóta á því sem aflaga þykir fara er að gera sér grein fyrir staðreyndum viðkomandi máls.

I samvinnu við Jafnréttisnefndir Kópavogs, Garðabæjar og Hafnarfjarðar var leitað til Þorbjörns Broddasonar félagsfræðings um gerð skoðanakönnunar sem kanna skyldi stöðu kvenna í þessum bæjarfélögum (störf, menntun o.fl.), viðhorf íbúanna til jafnréttismála, verkaskiptingu á heimilum, dagvistarmál o.fl. Þorbjörn vamað gerð og úrvinnslu þessarar könnunar ásamt Kristni Karlssyni félagsfræðingi.

Spurningalistum var dreift í Neskaupstað 17. og 18. maí 1976 til 100 kvenna og 100 karla. Sáu nefndarmenn um úrtak, báru listana út og söfnuðu þeim saman. Heimtur voru mjög góðar.

Þorbjörn og Kristinn skiliðu síðan niðurstöðum í mars 1978. Voru þær í heftum fyrir hvern bæ fyrir sig með töflum og ályktunum og einnig samanburðarhefti þar sem bairnir voru bornir saman. Alls voru þessi hefti 450 blaðsíður.

Jafnréttisnefnd Neskaupstaðar kynnti þessar niðurstöður með fréttatilkynningu í fjölmíðla, úttekt sem send var bæjarfulltrúum, fundið þar sem Þorbjörn Broddason kynnti niðurstöðurnar í máli og myndum og með fimm dreifibréfum sem dreift var í hvert hús í bænum í febrúar til maí 1979. Þessi bréf fjölluðu um viðhorf til jafnréttismála, vinnutíma, menntun, börn og verkaskiptingu á heimilum. Voru brefin myndskreytt og með léttu yfirbragði. Hönnuður þeirra var Guðjón Ketilsson myndlistarmaður sem þá var myndlistarkennari í Neskaupstað.

A þessu ári hyggst nefndin halda áfram að nýta sér niðurstöður könnunarinnar og dreifa bréfum til þess að vekja athygli bæjarbúa enn frekar á þessum málum.

2. Verkalýðsmál.

Kúgun kvenna er viða fyrir hendi, bæði í einkalífinu á heimilunum og úti í atvinnulífinu. Fullyrða má að verka-konur séu verst settu starfsstéttir þjóðfélagsins. Auk lágra launa þurfa þær að búi við takmarkað atvinnuöryggi, eru lausráðnar eða varavinnuafl sem senda má heim þegar harðnar á dalnum.

15. mars 1978 efndi Jafnréttisnefnd til vinnustaðarfundar á kaffistofu frystihússins í samvinnu við Verklýðsfélag Norðfirðinga. Fengið var leyfi til þess að nýta kaffitíma og framlengja hann nokkuð. Um 100 manns sátu fundinn en efni hans var staða og störf kvenna með sérstakri áherslu á það tvöfalda vinnuálag sem konur búi við. Jóhanna Friðriksdóttir formaður verkakvennfélagsins Snótar í Vestmannnaeyjum var gestur fundarins og flutti hún ávarp. Höpur frystihússkvenna söng létt baráttulög við gítarundirleik, nokkrar konur og karlar lásu texta sem samdir voru í tilefni fundarins, áminningar, athugasemdir og upplýsingar með léttu ívafi. Jafnframt voru sýndar myndir og línurit af myndvarpa.

Venja er að Verkalýðsfélagið sjái um dagskrá 1. maí í Félagsheimilinu. 1. maí 1979 sá jafnréttisnefnd um hluta þessarar dagskrár. Þar var flutt efni um öreigastétt Evrópu upp úr iðnþyltingu, ástand á Íslandi fyrri hluta aldarinnar, vinnuálag og langan vinnutíma, vinnu verkakvenna, kjör þeirra og hatttökuleysi í verkalýðsbaráttu fyrr og nú o.fl. Söngþópur

undir stjórn Olgu Guðrúnar Arnadóttur söng baráttusöngva við undirlækk tónlistarmanna. Þess dagskrá þótti takast mjög vel.

3. Uppeldismál.

Mótun einstaklingsins fyrstu æviárin er talin afgerandi um persónugerð og lífsmunstur síðar á ævinni. Því er eitt meginverkefni jafnréttisbaráttu kynjanna að reyna að vekja athygli fólks á þeim fordóum og venjum sem móta stúlkur og pilta í sín kynhlutverk strax á fyrstu árum ævinnar.

30.nóv. 1976 efndi jafnréttisnefnd til fundar með kennurum grunnskólastigs í bænum. Umræðuefnin var mismunun kynjanna í skólum og þá einkum í kennslubókum. Var unnið í starfs-hópum og álitsgerðir sendar til skólarannsóknadeildar og Ríkisútgáfu námsbóka.

A barnári var nefndin aðili að barnaársnefnd sem stofnað var til í Neskaupstað að frumkvæði baranverndarnefndar. Hlutur jafnréttisnefndar í því samstarfi var m.a. að sjá um foreldranámskeið 27. og 28.apríl 1979. Sigrún Júliusdóttir félagsráðgjafi stjórnaði námskeiðinu og flutti fyrirlestra. 20 manns sóttu námskeiðið. Tók hún einkum fyrir breytta stöðu fjölskyldunnar og þá erfiðleika sem sú breyting hefur í för með sér og félagsproska barna og unglings. Barnagæsla var á dagheimilinu meðan á námskeiðinu stóð.

Nefndin tók einnig þátt í undirbúningi barnadags í Egilsbúð 17.des. 1979.

4. Menningarmál.

8. mars n.k. verður dagskrá í fundarsal Egilsbúðar. Þar mun Helga Kress bókmennitafræðingur flytja erindi um rannsóknir sínar á hlut kvenna í islenskum bókmennum og kvenlýsingum íslenskra rithöfunda. Einnig verður þá opnuð málverkasýning tveggja myndlistarmanna, þeirra Þorbjargar Höskuldsdóttur og Guðrúnar Svövu Svavarssdóttur, en þær eru í hópi þeirra fjölmörgu kvenna sem á síðustu árum hafa skipað sér í forystusveit íslenskra myndlistarmanna.

5. Álitsgerðir og bréf.

Nefndin hefur sent frá sér álit um: frumvarp til laga um jafnstöðu kvenna og karla; fyrirmýnd að reglugerð fyrir lífeyris-sjóði innan Sambands almennra lífeyrissjóða; skattlagningu hjóna, auk bréfs til söguritara bæjarins um hlut kvenna í sagnritun.

6. Samstarf við Jafnréttisráð Íslands.

Nefndin hefur haft gott samstarf við framkvæmdastjóra ráðsins. Tveir nefndarmenn sóttu fund jafnréttisráðs og jafnréttisnefnda sem haldinn var í Reykjavík 4.febr.1978 um hlutverk jafnréttis-nefnda.

NIÐURLAG:

Ljóst er að nefnd sem þessi breytir litlu um það misrétti og kúgun sem konur búa við í okkar þjóðfélagi, þar þurfa djúptækari þjóðfélagsbreytingar að koma til, en hægt er með ábendingum, umræðu og athugunum að koma því umræti á hugi fólks sem óneitanlega hlýtur að vera undanfari þeirrar umbyltningar sem verða þarf til þess að konur og aðrir undirokaðir þjóðfélagshópar lesni úr fjötrum sinum.